

MINNKUM SÓUN

Innkaupa- og úrgangsstefna Garðabæjar



GARÐABÆR

Titill: Minnkum Sóun

Útgáfa: 2.2.1

Dagsetning útgáfu: 02/09/2019

Höfundar: Guðrún Guðmundsdóttir og Karl Eðvaldsson.

Rýnir: Jón Örvar G Jónsson

Prófarkalesari: Hermann Bjarnason

Viðskiptavinur:

Garðabær

Tengiliður: Guðbjörg Brá Gísladóttir

Netfang / E-mail: gudbjorgbra@gardabaer.is

Þessi skýrsla er upphaflega skrifuð fyrir Garðabæ. Frekari notkun eða samnýting á innihaldi þessarar skýrslu skal gert með samþykki Garðabæjar.

Upplýsingar um ráðgjafarfyrtæki:

ReSource International ehf.

Vallakór 4, 2h.

203 KÓPAVOGUR – Iceland

Sími: +354 571 5864

www.resource.is

Fyrirtækið ReSource International ehf. ber ekki ábyrgð á notkun gagna eða upplýsinga úr þessari skýrslu í öðru samhengi eða öðrum forritum.

1 Innkaupa- og úrgangsstefna Garðabæjar

Innkaupa- og úrgangsstefna Garðabæjar er einn liður í að framfylgja markmiðum Umhverfisstefnu Garðabæjar. Umhverfisstefna Garðabæjar leggur áherslu á að draga úr áhrifum sveitarfélagsins á umhverfið eins og unnt er. Markmið Garðabæjar um meðferð úrgangs er að flokkun sorps verði aukin og að dregið verði úr sorpmagni. Til að ná því markmiði þarf að draga úr innkaupum, auka endurnotkun á vörum og bæta flokkun á úrgangi. Innkaupa- og úrgangsstefna Garðabæjar leggur sterka áherslu á að auka umhverfisfræðslu ásamt flokkun sorps og stuðla að sjálfbærri þróun samfélagsins.

1.1 Almenn markmið


Í umhverfisstefnu Garðabæjar kemur fram að draga eigi úr myndun úrgangs sem og auka flokkun til endurnýtingar og endurvinnslu. Sveitarfélagið leggur einnig áherslu á að dregið verði verulega úr notkun á plasti og þá sérstaklega einnota plasti ýmiss konar: borðbúnaði, plastpokum og umbúðum.

Meginmarkmið Innkaupa- og úrgangsstefnu Garðabæjar eru:

- Flokkun sorps verði aukin og að dregið verði úr sorpmagni.
- Draga úr plastmengun í rekstri sveitarfélagsins og stofnana á vegum þess.
- Móta græna innkaupastefnu.
- Samræma flokkun á vinnustöðum.
- Fræða og virkja starfsfólk.

1.2 Þátttakendur og ábyrgðaraðilar

Þessi stefna skal ná til og gilda fyrir alla starfsmenn og allar stofnanir Garðabæjar. Þar með er talið leikskólar, grunnskólar, íþróttahús, bæjarskrifstofur, kjörnir fulltrúar, forstöðumenn og deildarstjórar.



Mynd 1. Forgangsröðun um meðhöndlun úrgangs. Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs skal leitast við að velja þá kosti sem skila bestri heildarniðurstöðu fyrir umhverfið. Eftirfarandi forgangsröðun er lögð til grundvallar.

2 Græn innkaup

Lífsferill vöru hefst við uppskeru, námugróft, orkuframleiðslu, flutning, samsetningu ólíkra hluta, orkunotkun o.s.frv.. Þegar varan er komin í verslun hefur mestum umhverfisáhrifum þegar verið varið í vöruna. Hafa skal lífsferil vöru í huga þegar versla á inn, þ.e.a.s. hvaðan hún kemur, hvernig varan verður notuð og hvernig hægt er að lengja líftíma vöru með endurnotkun- nýtingu og förgun (mynd 2).

Markmið:

Draga úr innkaupum og sorpmagni, stuðla að grænni innkaupum.

Leiðir að markmiði:

- Innleiða umhverfisskilmála í samningum við birgja og verktaka*
- Kaupa (inn) vörur frá staðbundinni framleiðslu
- Kaupa inn umhverfissvottaðar vörur
- Kaupa vörur unnar úr endurunnum efnum
- Kaupa vörur í litlum umbúðum
- Kaupa annað en einnota plast, ef hægt er (t.d. pappa glös í stað plast glasa)
- Kaupa vörur sem eru ekki í plastumbúðum
- Kaupa vörur sem auðvelt er að endurnota eða endurnýta
- Auka endurnotkun
- Auka umhverfisfræðslu

** Gera má umhverfisskilmála við birgja um að vörur þurfi að vera umhverfissvottaðar og úr staðbundinni framleiðslu, þegar hægt er, og að birgjar þurfi að taka tilbaka einnota plastumbúðir til endurnotkunar. Einnig má gera kröfur til verktaka um að þeir noti efni sem er umhverfissvottað, þegar hægt er og að þeir flokki byggingarúrgang í samræmi við kröfur Garðabæjar.*



Mynd 2. Lífsferill vöru samanstendur af nýtingu auðlinda, , efnisvinnslu, framleiðslu, flutningi, notkun og endurvinnslu auðlinda.

3 Flokkun og endurvinnsla

Aukin flokkun dregur úr sóun auðlinda, styður við hringrásarhagkerfið, fylgir landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og styður við markmið Parísarsamkomulagsins. Flokkun og endurvinnsla eykur einnig meðvitund og skilning einstaklinga á magni þess efnis sem notast er við í daglegum störfum. Slíkur skilningur hvetur til betri endurnotkunar á vörum og skilvirkari innkaupa sem þá dregur úr myndun úrgangs.

Markmið:

Auka skilvirkni við flokkun allra endurvinnsluefna í stofnunum Garðabæjar á mælanlegan hátt og draga þar með úr urðun úrgangs.

Leiðir að markmiði:

- Flokka skal að lágmarki; Pappír og pappa, plast, málma, skilagjaldsskyldar umbúðir, lífrænan úrgang, raftæki, rafhlöður og spilliefni.
- Samræma skal sorphirðu í öllum stofnunum Garðabæjar miðað við áðurnefnda úrgangsflokka, þar sem viðeigandi flokkunarílátum skal komið fyrir innan hvernar stofnunar.
- Setja skal upp vel merktar og samræmdar merkingar (litamerktar) milli stofnana á öllum flokkunarílátum til að tryggja rétta og skilvirka flokkun.
- Sameiginlegt útboð á sorphirðu allra stofnana Garðabæjar, þar sem útboðið inniheldur umhverfisskilmála í samræmi við stefnu þessa.*
- Þjónustuaðili við sorphirðu skal skila inn yfirliti yfir tíðni sorphirðu ásamt magni endurvinnsluefna til viðeigandi stofnunar og til umhverfissviðs Garðabæjar.

**Umhverfisskilmálar skulu gera kröfu um að verkkaupi (Garðabær) sé að lágmarki upplýstur um hvert endurvinnsluefnið fara til meðhöndlunar og meðhöndlunaraðferð þeirra.*



4 Innleiðing stefnunnar

Þátttöku er krafist af öllum stofnunum Garðabæjar við innleiðingu þessarar stefnu. Stofnanir (skólar og leikskólar) sem þegar fylgja umhverfisstefnu, til dæmis grænánastefnunni, geta haldið áfram að fylgja þeirri stefnu, ef hún uppfyllir að lágmarki þau markmið sem sett eru fram hér.

Markmið:

Innleiðing og eftirfylgni stefnunnar náist með góðum árangri, þar sem starfsfólk og nemendur eru frædd og virk í að framfylgja henni.


Leiðir að markmiði:

- Hver stofnun kemur á fót grænu teymi. Grænt teymi hefur það hlutverk að fylgja eftir stefnu þessari.
- Grænt teymi skal vera að lágmarki tveir einstaklingar.
- Grænu teymin skulu vinna í samráði við yfirmenn og aðra viðeigandi aðila innan stofnunarinnar við innleiðingu á þessari stefnu.
- Græn teymi stofnana gera árlegar innkaupa- og úrgangsgreiningar fyrir sína stofnun.
- Græn teymi stofnana funda að lágmarki árlega saman og miðla af reynslu sinni.
- Veggspjald stefnunnar sé á áberandi stað í hverri stofnun (www.gardabaer.is)

Nánar um hlutverk grænna teyma:

Græn teymi hvernar stofnunar eru hvött til þess að funda og skiptast á upplýsingum um það sem vel hefur til tekist, greina frá skapandi lausnum varðandi endurnýtingu, og ræða það sem betur mætti fara. Á fundum grænu teymanna skal bera saman að lágmarki:

- Innkaupa- og úrgangsgreiningar.
- Endurnýtingarlausnir.
- Aðferðir við innleiðingu stefnunnar innanhúss.
- Hvernig fræðslu starfsfólks er háttað.
- Helstu framfarir og hvað mætti betur fara.



5 Ítarefni sem má nálgast á heimasíðu Garðabæjar og tengist stefnunni

- Úrgangsmál stofnana Garðabæjar
- Veggspjald Innkaupa- og úrgangsstefnu Garðabæjar
- Umhverfisstefna Garðabæjar
- Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024
- Parísarsamkomulagið 2015
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Að gerð þessarar stefnu komu

Guðbjörg Brá Gísladóttir, Verkefnastjóri Tækni- og umhverfissviðs Garðabæjar 2019

Guðrún Fjóra Guðmundsdóttir, ReSource International ehf.

Karl Eðvaldsson, ReSource International ehf.

Umhverfisnefnd Garðabæjar 2019:

Jóna Sæmundsdóttir

Guðfinnur Guðjón Sigurvinsson

Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir

Páll Magnús Pálsson

Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir